

18. apríl 2018

## Endurskoðuð útgáfuáætlun Lánasjóðs sveitarfélaga 2018

Lánasjóður sveitarfélaga hefur frá áramótum gefið út skuldabréf að fjárhæð samtals 10,1 milljarða að markaðsvirði (9,7 ma.kr. að nafnverði). Sjóðurinn áætlar að gefa út 2 til 3 milljarða til viðbótar á fyrri helmingi ársins og að heildarútgáfa á fyrri helmingi ársins verði því 12-13 milljarðar. Áætluð útgáfa á seinni helmingi ársins er 3 til 4 milljarðar.

### Áætluð heildarútgáfa skuldabréfa að markaðsvirði

Áætlun 2018	1.H	2.H	Alls
Útgáfa skuldabréfa	12-13	3-4	15-17

Tölur eru í milljörðum ISK.

Lánasjóður sveitarfélaga áætlar að afborganir sveitarfélaga af lánum til lánasjóðsins verði u.þ.b. 6,8 milljarðar króna árið 2018 en sjóðurinn áætlar að greiða lánadrottnum sínum u.þ.b. 5,6 milljarða króna árið 2018. Taflan sýnir samningsbundnar afborganir langtímalána án vaxtauppreiknings.

### Afborganir lána Lánasjóðs sveitarfélaga

Áætlun 2018	1.H	2.H	Alls
Innborganir af útlánum - ISK	3,2	3,3	6,5
Innborganir af útlánum - Erlent	0,2	0,1	0,3
Afborganir lána - ISK	2,9	2,4	5,3
Afborganir lána - Erlent	0,2	0,1	0,3

Tölur eru í milljörðum ISK.

Áætlun þessi miðast við núverandi aðstæður á markaði. Verði breytingar á markaðsaðstæðum má reikna með að ofangreind áætlun geti breyst. Lánasjóður sveitarfélaga endurskoðar áætlanir sínar hálfárslega eða oftár ef þörf krefur.

Frekari upplýsingar veitir Örvar Þór Ólafsson s: 515-4947